

Fjárhæðir skv. 2. mgr. taka breytingum samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs janúarmánaðar ár hvert miðað við grunnvísitölu og skulu vera í heilum þúsundum króna. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

Húsaleigubætur teljast ekki til tekna skv. 1. mgr.

Með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð karls og konu, er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Eignamörk miðast við heildareign, að frádregnum heildarskuldum samkvæmt síðustu skattskrá eða ljósriti af skattframtali fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra. Eignamörk eru 2.200.000 kr.

Fjárhæð skv. 1. mgr. tekur breytingum samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs janúarmánaðar ár hvert miðað við grunnvísitölu og skulu vera í heilum þúsundum króna. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. og 50. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast gildi 1. júní 2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. maí 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu á erindum án staðfestingar byggingarnefnda.

1. gr.

Byggingarfulltrúi uppsveita Árnessýslu afgreiðir án staðfestingar byggingarnefnda, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum, svo sem minniháttar breytingar og endurbætur, t.d. sólpallar og pottar, en ekki nýbyggingar, úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillögur um nöfn gatna og bæja. Telji byggingarfulltrúi vafa leika á því skal hann tafarlaust hlutast til um að umsókn sé lögð fyrir byggingarnefnd til úrlausnar.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa samkvæmt þessari grein skulu hljóta staðfestingar hlutadeigandi sveitarstjórna í uppsveitum Árnessýslu með sama hætti og samþykktir byggingarnefnda.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingastjóri og iðnmeistarar hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld vegna byggingaframkvæmdanna hafi verið greidd.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í byggingarnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu. Í gerðabókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt, og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi. Í slíkum tilfellum skulu líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða hann synji afgreiðslu erindis, er hlutaðeigandi heimilt að skjóta máli sínu til byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Enn fremur er hægt að skjóta málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

6. gr.

Ofangreind samþykkt sveitastjórna uppsveita Árnessýslu staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytinu, 14. maí 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Dimmuhvarf 14 í Vatnsendalandi. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 18. apríl 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Dimmuhvarf 14 í Vatnsendalandi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 11. maí 2001.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.